

DRÖG

SAMÞYKKTIR KIRKJU SJÖUNDA DAGS AÐVENTISTA Á ÍSLANDI

Með breytingum sem samþykktar voru á ~~3940. framhalds-a~~Aðalfundi Kirkjunnar árið ~~2016~~2019

I. kafli – NAFN

1. grein

Söfnuðir sjöunda dags aðventista á Íslandi mynda með sér landsamtök sem heita: Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi (hér eftir nefnd Kirkjan). Alþjóðlegt nafn Kirkjunnar er Iceland Conference of the Seventh-day Adventists.

II. kafli – MARKMIÐ

2. grein

Markmið Kirkjunnar er að boða Jesú Krist sem persónulegan frelsara og hið eilífa fagnaðarerindi með hliðsjón af boðskap englanna þriggja í Opb 14.6-12. Í því felst einnig að hlúa að og styrkja einstaklinga í anda Jesú Krists og búa þá undir bráða komu hans.

III. kafli – UM AÐILD OG HÖFUÐSTÖÐVAR

3. grein

Aðild að Kirkjunni eiga allir söfnuðir sjöunda dags aðventista á Íslandi, sem réttilega eru stofnsettir. Aðalfundur veitir nýjum söfnuðum aðild að Kirkjunni.

Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi er aðili að ~~Trans-European Division (hér eftir nefnd Deild) of the~~ General Conference of the Seventh-day Adventists (hér eftir nefnt Heimssamband) Trans-European Division (hér eftir nefnd Deild) og skal starf hennar vera í samræmi við lög og reglur þeirrar Deildar. Kirkjan skal vinna að markmiði safnaðarins í samræmi við þau grundvallar-trúaratriði sem samþykkt eru og staðfest af aðalfundum Heimssambandsins, sem haldnir eru á 5 ára fresti.

4. grein

Höfuðstöðvar Kirkjunnar eru að Suðurhlíð 36, 105 Reykjavík. Í sérstökum tilvikum getur stjórn Kirkjunnar flutt höfuðsstöðvarnar tímabundið.

IV. kafli – UM AÐALFUND

54. grein – Boðun aðalfundar

1. Kirkjan heldur reglulegan aðalfund á þriggja ára fresti á þeim stað og tíma, sem stjórn hennar kann að ákveða. Tilkynning um það skal birt í málgagni Kirkjunnar eða þá bréflega, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Gögn fundarins skulu vera send fulltrúum eigi síðar en tveim vikum fyrir fundinn. Ef ástæða þykir er hægt að fresta reglulegum aðalfundi í allt að eitt ár ef tveir þriðju hlutar stjórnar Kirkjunnar eru því samþykktir.
2. Stjórn Kirkjunnar skal boða til auka aðalfundar á þeim tíma og stað sem hún telur réttan, þegar:
 - a) Það er samþykkt af stjórn Kirkjunnar, eða
 - b) Það er samþykkt af fulltrúum á aðalfundi, eða
 - c) Þegar safnaðarstjórnir meirihluta af fjölda safnaða óska þess, eða
 - d) Það er samþykkt af stjórn Deildarinnar eða af stjórn Heimssambandsins.

Dagsetning fundar samkvæmt lið c og d hér að ofan skal vera innan 90 daga frá þeim degi sem sú samþykkt sem lýst er í lið c og d hér að ofan hefur borist stjórnendum/stjórn Kirkjunnar.

Skyldi verða óhóflegur dráttur á viðbrögðum stjórnar Kirkjunnar við lið b til d getur Deildin boðað auka aðalfund og tilgreint tíma og stað fundarins.

Fundarskrá auka aðalfundar Kirkjunnar skal fylgja boðun fundarins.

Boðun tíma og staðar auka aðalfundar skal gefin á sama hátt og væri um reglulegan aðalfund að ræða.

Ákvarðanir, sem teknar eru á slíkum fundi, hafa sama gildi og um reglulegan aðalfund væri að ræða. Boðun auka aðalfundar fer fram á sama hátt og um hefðbundinn aðalfund sé að ræða með a.m.k. tíu daga fyrirvara.

65. grein – Fulltrúar

Fulltrúar á aðalfundi eru:

1. Sjálfkjörnir fulltrúar

- a) allir stjórnarmenn Kirkjunnar.
- b) fulltrúar laganefndar (sbr. gr. 8.2a)
- c) sérhver viðstaddur stjórnarmaður Deildarinnar og Heimssambandsins. Fjöldi slíkra fulltrúa skal ekki vera umfram 10% heildarfjölda kjörinna og sjálfkjörinna fulltrúa fundarins.
- d) ~~sérhver viðstaddur stjórnarmaður Heimssambandsins.~~
- e) vígðir prédikarar sem starfa í þjónustu Kirkjunnar.
- f) deildarstjórar, sem starfa í þágu Kirkjunnar.
- g) aðrir prédikarar og kristniboðsstarfsmenn sem starfa í þágu Kirkjunnar.
- h) skólastjóri Suðurhlíðarskóla.

2. Kjörnir fulltrúar

- a) þeir, sem réttilega eru kjörnir til þess af þeim söfnuðum sem þeir tilheyra, eiga aðild að Kirkjunni og eiga lögheimili á Íslandi. Sérhver söfnuður hefur rétt á einum fulltrúa fyrir söfnuðinn og auk þess einum fyrir hverja tíu (og hluta úr tíu) safnaðarmeðlimi sem eiga lögheimili á Íslandi.
- b) Þeir aðrir sem mælt er með af stjórn Kirkjunnar og viðurkenndir eru af fulltrúum aðalfundarins. Fjöldi slíkra fulltrúa skal þó aldrei vera umfram 10% af fjölda allra kjörinna fulltrúa.

Allir þeir sem útnefndir eru sem fulltrúar meðlima Kirkjunnar á aðalfundi skulu vera gegnir meðlimir Kirkjunnar (sbr. Safnaðarhandbókin [2014-2016 kfl.6](#), bls. [30105-106](#)).

Aðalfundur telst löglegur ef rétt er til hans boðað og 7565% fulltrúa sækja fundinn.

~~6. grein – Skýrslugerð~~

–

~~Á reglulegum aðalfundi Kirkjunnar skal stjórn hennar leggja fram skýrslu um starfsemi hennar ásamt endurskoðuðu fjárhagsyfirliti fyrir síðastliðið kjörtímabil.~~

7. grein – Fundarstörf

Aðalfundi Kirkjunnar skal stjórnað af formanni hennar eða, í fjarveru hans, ritara Kirkjunnar, þar til aðalfundurinn hefur kosið sér fundarstjóra. Nú er formaður eða ritari hindraður í að sinna fundarstjórn og skal þá sá stjórnarmaður viðstaddur frá Deildinni sem er í hæstri stöðu taka við fundarstjórn í upphafi fundar. Fyrsta mál fundarins er að kjósa fundarstjóra úr hópi viðstaddra fulltrúa. Ritari Kirkjunnar skal sjá til þess að rituð sé skýrsla samþykkt fundarins og tilgreind nöfn fulltrúa. Skýrslan skal undirrituð af fundarstjóra, ritara og minnst einum fulltrúa sem valinn er af aðalfundinum. Skýrslan skal birt í mál gagni Kirkjunnar þannig að hún sé aðgengileg öllum þegnum hennar.

Dagskrá fundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla fjármálastjóra/ritara
3. Ársreikningur hvers árs frá síðasta aðalfundi
4. Skýrsla allsherjanefndar
5. Kosning starfsnefnda
6. Skýrslur deildarstjóra
7. Skýrsla skólastjóra Suðurhlíðarskóla
8. Kjör stjórnar og embættismanna yfirmanna Kirkjunnar. -Fundurinn kys einnig deildarstjóra eða vísar því til stjórnar Kirkjunnar.
9. Önnur fundarstörf

86. grein – Skýrslugerð

–

Á reglulegum aðalfundi Kirkjunnar skal stjórn hennar leggja fram skýrslu um starfsemi hennar ásamt endurskoðuðu fjárhagsyfirliti fyrir síðastliðið kjörtímabil.

98. grein – Nefndir

1. Allsherjarnefnd: Hver söfnuður skal kjósa, eða veita fulltrúum sínum umboð til að kjósa fulltrúa í þessa nefnd. Formaður hennar er formaður Deildarinnar eða fulltrúi hans. Hver söfnuður á rétt á einum fulltrúa fyrir hverja 100 safnaðarþegna eða brot úr hundraði. Nefnd þessi ber fram tillögu um fulltrúa í stjórnarnefnd sem starfar á fundinum. Við kjör stjórnarnefndar skal, eftir því sem kostur er, gæta jafnræðis milli fastra starfsmanna og leikmanna safnaðarins, svo og starfssviða og starfssvæða. Allsherjarnefnd ~~hefur má hefja~~ störf áður en reglulegur aðalfundur hefst á þeim tíma og stað sem ákveðinn er af stjórn Kirkjunnar.
2. Eftirfarandi nefndir skulu starfa á fundinum:
 - a) stjórnarnefnd. Formaður þessarar nefndar skal vera formaður Deildarinnar eða fulltrúi hans og skal hún vera skipuð sjö til níu fulltrúum. Hlutverk stjórnarnefndar er að bera fram tillögu um formann, ritara, fjármálastjóra, stjórn Kirkjunnar, deildarstjóra og laganefnd. Laganefndin á að vinna frá lokum aðalfundar fram til loka næsta aðalfundar og skal undirbúa tillögur að lagabreytingum í samræmi við 22. grein og leggja fyrir stjórn Kirkjunnar. Í laganefndinni skal sitja fulltrúi frá Deildinni. Formaður laganefndarinnar skal vera ritari Kirkjunnar, eða annar sem stjórnin skipar í hans stað.
 - b) ef aðalfundur telur þörf á fleiri nefndum skal allsherjarnefnd koma saman á ný og koma með tillögu um fulltrúa í þær nefndir sem borin er undir atkvæði aðalfundar.

Allar tillögur sem þarfnast ítarlegrar skoðunar skulu leggjast fyrir viðkomandi nefndir sem starfa á fundinum til athugunar áður en þær eru lagðar fyrir aðalfundinn.

109. grein – Atkvæðisréttur

Þeir einir, sem eru fulltrúar, hafa atkvæðisrétt á aðalfundi Kirkjunnar og hefur hver þeirra aðeins eitt atkvæði. Allar ákvarðanir aðalfundar eru teknar með einföldum meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru á auglýstum fundartíma og atkvæði greiða. (Sbr. þó 22. og 23. grein). ~~Atkvæðagreiðsla er þó aðeins gild ef viðstaddur fjöldi fulltrúa jafngildir að lágmarki helmingi kjörinna fulltrúa sem aðalfundur sækja.~~

Allir fulltrúar verða að vera mættir í eigin persónu á aðalfundi til að hafa rétt til að greiða atkvæði. Ekki er leyfilegt að fela atkvæðagreiðslu í hendur annars aðila. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu nema einn eða fleiri fulltrúar fari fram á leynilega atkvæðagreiðslu. Kjör stjórnenda Kirkjunnar, formanns, ritara og fjármálastjóra, fer þó ávallt fram með leynilegri atkvæðagreiðslu.

110. grein – Ákvörðunarvald

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Kirkjunnar, (sbr. þó 3. grein). Aðalfundur getur valið einstaklinga í nefndir sem þurfa þykir til setu milli aðalfunda.

121. grein – Kjör stjórnar og embættismanna

Fulltrúar á aðalfundi skulu kjósa formann, ritara, fjármálastjóra, ~~deildarstjóra~~ og stjórn Kirkjunnar. Fundurinn kys einnig deildarstjóra eða vísar því til stjórnar Kirkjunnar. Þeir sem kosnir eru skulu starfa til næsta aðalfundar, nema þeir segi af sér eða þeim sé vikið úr embætti/starfi af stjórn Kirkjunnar eða á auka aðalfundi. Tilefni til uppsagnar embættismanna getur verið m.a. 1) vanhæfni í starfi 2) ítrekaður skortur á samstarfsvilja við yfirvald í Kirkjunni í málefnum sem varða reglugerðir Kirkjunnar 3) hegðun sem kallar yfir sig safnaðaraga í samræmi við safnaðarhandbók sjöunda dags aðventista 4) skortur á að viðhalda gegnri stöðu meðlims Kirkjunnar (sbr. Safnaðarhandbókin 2016 bls. 105-106) 5) þjófnaður eða fjárdráttur 6) sakfelling eða viðurkenning á saknæmri hegðun.-

~~Stjórn Kirkjunnar skal tilnefna deildarstjóra og aðstoðardeildarstjóra ef þeir hafa ekki verið kjörnir á aðalfundi.~~

V. kafli – UM EMBÆTTISMENN KIRKJUNNAR OG STÖRF ÞEIRRA

132. grein – Embættismenn

Yfirmenn Kirkjunnar á Íslandi skulu vera formaður, ritari og fjármálastjóri. Ritara- og fjármálastjórastaða geta verið í höndum sama aðila með starfstílinn ritari/fjármálastjóri. Hlutverk þessara yfirmanna, í samráði hver við annan, er að framfylgja þeim ákvörðunum sem samþykktar hafa verið af fulltrúum á aðalfundi og/eða af stjórn Kirkjunnar.

1. Formaður Kirkjunnar skal vera vígður prestur með starfsreynslu. Hann er æðsti yfirmaður Kirkjunnar og er ábyrgur gagnvart stjórn hennar ásamt ritara og fjármálastjóra. Formaður skal hafa yfirumsjón með starfsemi hennar, vera fundarstjóri á aðal- og stjórnarfundum og vinna að öðru leyti að hagsmunum Kirkjunnar í samráði við stjórn hennar. Störf sín skal formaður rækja í samræmi við markmið Deildarinnar og í nánu samráði við stjórn hennar.
2. Ritari Kirkjunnar hefur stjórnunarlega ábyrgð innan Kirkjunnar og er varaformaður stjórnar hennar. Ritari er ábyrgur gagnvart stjórn Kirkjunnar í samráði við formann hennar. Ritari skal annast fundargerðir fyrir aðal- og stjórnarfundum Kirkjunnar og skila þeim til allra stjórnarmanna og til stjórnenda Deildarinnar. Ritari skal einnig bera ábyrgð á að útvega þær upplýsingar sem formaður eða stjórn Kirkjunnar kann að óska, og framkvæma aðrar skyldur sem starfi hans kann að tilheyra.
3. Fjármálastjóri Kirkjunnar hefur stjórnunarlega ábyrgð innan Kirkjunnar. Fjármálastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Kirkjunnar í samráði við formann hennar. Fjármálastjóri skal veita viðtöku þeim fjármunum sem tilheyra Kirkjunni, verja þeim í samráði við stjórnina og greiða þá fjármuni til Deildarinnar sem henni tilheyra í samræmi við starfsreglur hennar. Fjármálastjóri annast bókhald fyrir fjármál Kirkjunnar. Einnig skal hann gera allar fjárhagsáætlanir og fjárhagsskýrslur með reglulegu millibili, sem formaður eða stjórnin kann að óska eftir og leggja fram skýrslu um fjárhag Kirkjunnar á aðalfundi hennar. Fjármálastjóri sendi regluleg fjárhagsyfirlit til Deildarinnar.

4. Deildarstjóri skal vinna að framgangi þeirra mála er heyra undir þá deild er hann veitir forstöðu, tala fyrir þeim og leggja fram nauðsynlegar yfirlitsskýrslur varðandi þau. Hann skal vera stjórninni ráðgefandi varðandi málefni þeirrar deildar er hann ber ábyrgð á og starfa undir stjórn formannsins og stjórnarinnar.

VI. kafli – UM STJÓRN KIRKJUNNAR

143. grein – Skipan og verksvið

1. Stjórn Kirkjunnar skal kosin á aðalfundi hennar og vera skipuð 7 stjórnarmönnum. Í henni skulu eiga sæti formaður, ritari og fjármálastjóri Kirkjunnar. Mælt er með að deildarstjóri eða prestur Kirkjunnar eigi sæti í stjórn hennar og jafnframt sé reynt að jafna stöðu leikmanna og starfsmanna í stjórninni. Stjórnendur Deildarinnar og Heimssambandsins, eiga rétt til að sitja stjórnarfundi með atkvæðisrétti en fjöldi þeirra skal þó aldrei vera umfram 10% af fjölda viðstaddra stjórnarmanna.
2. Stjórnin fer með málefni Kirkjunnar milli aðalfunda í samræmi við samþykktir hennar og ákvarðanir aðalfundar og fer með umboð aðalfundarins milli aðalfunda þ.m.t. umboð til að ráða eða leysa frá störfum stjórnendur, aðra starfsmenn, deildarstjóra eða stjórnarmenn ef nauðsyn krefur og veita eða afnema starfsréttindi. Til að afnema starfsréttindi þarf samþykki tveggja þriðju (2/3) hluta stjórnarinnar. Ef formaður Kirkjunnar hættir störfum á tímabilinu milli aðalfunda skal stjórn Kirkjunnar velja annan í hans stað. Í því tilviki skal formaður Deildarinnar eða staðgengill hans, taka stöðu fundarstjóra í stjórn Kirkjunnar.
3. Stjórn Kirkjunnar skipar skólanefnd Suðurhlíðarskóla í samræmi við samþykktir sem í gildi eru um skólann á hverjum tíma.
4. Stjórn Kirkjunnar skal setja sér starfsreglur sem skulu yfirfarnar og staðfestar í byrjun hvers starfstímabils stjórnar.

154. grein – Skuldbindingar

Samþykki stjórnarinnar þarf til að skuldbinda Kirkju sjöunda dags aðventista á Íslandi og fara formaður og fjármálastjóri sameiginlega með umboð stjórnarinnar í slíkum tilvikum.

165. grein – Boðun stjórnarfunda

1. Formaðurinn eða ritari í fjarveru hans, getur boðað til stjórnarfundar hvenær sem er.
2. Stjórnin telst ályktunarhæf ef minnst 5 stjórnarmenn að formanni og/eða ritara meðtöldum sækja stjórnarfund að því þó tilskyldu að allir stjórnarmenn sem hægt var að ná til hafi fengið fundarboð.
3. Kalla má til fundar í stjórn Kirkjunnar til að fjalla um knýjandi mál jafnvel þó að færri en 5 séu viðstaddir. Ályktanir slíkra funda eru eigi fullgildar fyrr en ályktunarhæf stjórn hefur fjallað um þær.
4. Fundarþátttaka: Þar sem lög landsins leyfa er fundarmönnum stjórnar Kirkjunnar leyfilegt að taka þátt í fundum fyrir tilstilli rafræns fjarskiptabúnaðar eða álíka búnaðar sem geri þátttökendum kleift að heyra í hver öðrum á sama tíma og þátttaka gegnum slíkan búnað jafngildir því að vera persónulega til staðar á slíkum fundi.

5. Fundarboð: Tilkynning um fundarstað og tíma og hver þau gögn eða annað sem fundarmönnum ber að hafa undir höndum í samræmi við lög þessi skulu hafa borist þeim a.m.k. 48 stundum fyrir fundinn. Í sérstökum kringumstæðum má kalla fundi stjórnarinnar með styttri fyrirvara.

VII. kafli – FJÁRMÁL

176. grein – Tekjur, varðveisla og ráðstöfun fjármuna

1. Tekjur Kirkjunnar eru helst þessar:
 - a) tíund.
 - b) gjafir. Gjafir sem gefnar eru í sérstökum tilgangi skal ráðstafað í samræmi við vilja gefanda.
2. Varðveisla fjármuna: Fjármunir Kirkjunnar skulu varðveittir á tryggan hátt í samræmi við reglur Deildarinnar.
3. Stjórn Kirkjunnar skal:
 - a. samþykkja fjárhagsáætlun Kirkjunnar fyrir hvert almanaksár
 - b. yfirfara árs hlutareikning Kirkjunnar fyrir hvern ársfjórðung
 - c. samþykkja fjárhagsáætlun hvers árs fyrir stofnanir Kirkjunnar
 - d. gæta þess að rekstur Kirkjunnar og stofnana hennar sé innan ramma fjárhagsáætlunar.

187. grein – Kaup eða sala eigna Kirkjunnar

Ákvörðun um kaup eða sölu á eignum Kirkjunnar sem ekki getur talist hluti af eðlilegri starfsemi hennar skal taka á reglulegum aðalfundi Kirkjunnar eða auka aðalfundi, að höfðu samráði við Deildina.

198. grein – Gjafir til annarra starfssvæða

Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi tekur við gjöfum frá almennum söfnuðum, hvíldardagsskólum, félögum og einstaklingum til starfsemi sjöunda dags aðventista utan starfssvæðis Kirkjunnar og sendir þær til fjármálastjóra Deildarinnar.

1920. grein – Ráðstöfun tíundar

Kirkjan greiðir tíund af tíundartekjum sínum og tiltekinn hundraðshluta tíundar til Deildarinnar í samræmi við reglur Deildarinnar.

Þeim hluta tíundarinnar sem tilheyrir Kirkjunni og öllum öðrum fjármunum skal ráðstafa í samræmi við reglur Deildarinnar.

210. grein – Launamál/Starfsmannamál

Stjórn Kirkjunnar ~~getur~~ skal skipað launanevnd til að endurskoða laun fastráðinna starfsmanna Kirkjunnar sem getur lagt fram tillögu um hugsanlegar breytingar til stjórnarinnar.

Laun lausráðins fólks skulu ákveðin af stjórn Kirkjunnar.

Gera skal samning milli Kirkjunnar eða stofnana hennar og starfsmanns þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur eins og kveðið er á um í handbók starfsmanna Kirkjunnar sem samþykkt er af stjórn hennar.

221. grein – Fjárhagsyfirlit og endurskoðun

1. Reikningar Kirkjunnar og stofnana hennar skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðanda frá endurskoðunardeild Heimssambandsins sem skal hafa óhindraðan aðgang að bókhaldi Kirkjunnar og stofnana hennar.
2. Fjármálastjóri Kirkjunnar skal sjá um að reikningar safnaðanna séu endurskoðaðir að minnsta kosti einu sinni á ári.
3. Fjárhagsyfirlit: Kirkjan skal hvert ár búa til viðeigandi skýrslur um rekstur og efnahag og skila fjárhagsupplýsingum til Deildarinnar.

VIII. kafli – ÖNNUR FÉLÖG

23. grein - Rekstrareiningar

Kirkjan má setja á stofn rekstrareiningu að undangenginni samþykkt Deildarinnar. Félagafundir og kosningar stjórnarmanna skulu fara fram í samræmi við samþykktir félagsins og í samræmi við viðeigandi landslög.

IX. kafli – BÆTUR

24. grein

Í samræmi við landslög skal Kirkjan veita endurgjald og halda skaðlausum sérhverjum þeim aðila sem var eða er í hættu á að verða fyrir málsókn hvort sem um er að ræða einkamál eða opinbert mál sem er til komið vegna þess að umræddur aðili var stjórnarmaður í stjórn Kirkjunnar, embættismaður, launþegi eða fulltrúi Kirkjunnar, til að bæta aðilanum kostnað (þ.m.t. lögfræðikostnað), dóma, sektir og uppgjör greidd vegna samkomulags samkvæmt sannarlegum útgjöldum sem hann hefur stofnað til í tengslum við þessi málaferli, að því tilskyldu að aðilinn hafi unnið að málinu í góðri trú og á þann hátt sem hann var sannfærður um að gengi ekki gegn hagsmunum Kirkjunnar og hann taldi af fullri sannfæringu að gengi ekki gegn landslögum.

VIII. kafli – SÉRÁKVÆÐI

252. grein - Lagabreytingar

1. Gera skal breytingar eða bæta við samþykktir Kirkjunnar til að fylgja breytingum á þeirri fyrirmynd ("the Model Local Conference Constitution and Bylaws") sem samþykkt hefur verið af stjórn Heimssambandsins.
2. Samþykkja má breytingar eða viðbætur ef þær eru í anda fyrirmyndarinnar ("the Model Local Conference Constitution and Bylaws") og hafa verið samþykktar af stjórn Kirkjunnar á Íslandi. Tillögur að breytingum samþykktar Kirkjunnar skal senda út með boðun aðalfundar. Slíkar viðbætur eða breytingar þarf að samþykkja af tveimur þriðju hlutum (2/3) viðstaddra fulltrúa á löglegum aðalfundi Kirkjunnar.
3. Aðalfundur Kirkjunnar getur komið með tillögur að breytingum á fyrirmynd að samþykktum ("the Model Local Conference Constitution and Bylaws") fyrir milligöngu Deildarinnar.

263. grein - Slit

Leggja má niður Kirkjuna ef tveir þriðju (2/3) viðstaddra fulltrúa á löglegum aðalfundi eru því samþykki. Eignir Kirkjunnar að frádregnum skuldum skulu þá ganga til ~~Deildarinnar~~ lögaðila sem viðurkenndur er af Deildinni.